


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>ENSK3MB05</b>	
	<b>Námsáætlun – Haustönn 2019</b>	

<b>Kennari</b>	Jónas Jónsson	<b>Sk.st.</b>	JÓJ
----------------	---------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á enskar/amerískar bókmenntir á 20. öld. Horft er til ólíkra höfunda, svæða og tímabila og lesin skáldverk frá þeim svæðum og/eða tímabilum. Tekin eru fyrir ólík birtingarform, s.s. smásögur, skáldsögur, leikverk og kvikmyndir. Þá er einnig litið til hugmynda um uppbyggingu skáldverka og bókmenntahugtaka þeim tengdum. Notast verður við ítarefni, svo sem lestexta, hlustunar- og myndbandsefni sem endurspeglar með sem bestum hætti menningu og mannlíf þeirra svæða og þess tíma sem tengjast skáldverkum áfangans. Sérstök áhersla er lögð á ritun í tengslum við bókmenntaumfjöllun, þar sem nemandinn leitar heimilda sem tengjast ólíkum tímabilum og nýtir í umfjöllun.

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið

##### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig bókmenntaverk kunna að endurspeglar tímabil
- hvernig höfundur sjálfur getur komið fram í eigin verkum
- hvernig menning staða og tími kann að móta skáldverk
- hugmyndum um uppbyggingu skáldverka
- bókmenntahugtökum tengdum uppbyggingu skáldverka

#### Leikniviðmið


##### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rýna í ólíkar gerðir bókmenntatexta, s.s. smásögur, skáldsögur og leikverk
- skoða og meta skáldverk í samhengi tíma og staðsetningar ritunar verksins
- beita jákvæðri hugsun til að geta deilt skoðunum á lesnu efni
- kafa dýpra ofan í viðfangsefni og leita fanga víðar en áður
- taka þátt í umræðum um bókmenntir og tjá sig á viðeigandi máta

#### Hæfniviðmið

##### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gagnrýna og skilgreina bókmenntaverk í rituðu og töluðu máli
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð
- draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við spurningum
- geta metið og aflað heimilda eftir mismunandi leiðum
- sett fram mismunandi heimildir samkvæmt þeim reglum sem um það gilda

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>ENSK3MB05</b>	<b>Námsáætlun – Haustönn 2019</b>

### Námsgögn:


Novel	Margaret Atwood: <i>The Handmaid's Tale</i> (any unabridged publication)
Short Stories	E. Hemingway: "Indian Camp" J. Joyce: "Eveline" (Booklet sold at VMA Office)
Play	W. Shakespeare: <i>Macbeth</i> (Text on Moodle / www.cgpbooks.co.uk)
Other	Assignments & extra material on Moodle. Handouts in class

### Áætlun um yfirferð:

Lota 1 19. ág – 13. sept	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Introduction to Course</li> <li>• Students prepare a "Curriculum Vitae" (Dropbox on Moodle)</li> <li>• Author Presentation (Hemingway, Joyce, Atwood and Shakespeare)</li> <li>• E. Hemingway: "Indian Camp" (Class Discussion &amp; Assignment)</li> <li>• J. Joyce: "Eveline" (Class Discussion &amp; Assignment)</li> </ul>
Lota 2 16. sept - 18. okt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>The Handmaid's Tale</i> (Class Discussion &amp; extra material)</li> <li>• <i>The Handmaid's Tale</i> (5 Class Assignments)</li> <li>• <i>The Handmaid's Tale</i> (Essay on a chosen topic / Turnitin on Moodle)</li> </ul>
Lota 3 21. okt – 15. nóv	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Group work on a chosen city / country (The English-speaking World)</li> <li>• Group Presentation (peer evaluation 40%)</li> <li>• <i>Macbeth</i>: Preparation &amp; Discussion</li> </ul>
Lota 4 18. nóv – 6. des	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Macbeth</i>: Discussion &amp; 3 Assignments/Tests on Moodle</li> <li>• Students watch a cinema version of the play</li> <li>• Oral Exams in last week of term</li> </ul>

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>	<b>Vægi</b>	
<b>Curriculum Vitae</b>	Students prepare a CV and hand in (Dropbox on Moodle)	7,5%	
<b>Authors</b>	Students choose one author to present (group work)	7,5%	
<b>E. Hemingway</b>	Class Assignment on "Indian Camp"	7,5%	
<b>J. Joyce</b>	Class Assignment on "Eveline"	7,5%	
<b>M. Atwood</b>	5 sets of questions on <i>The Handmaid's Tale</i> (Class-Assignments)	15%	
<b>M. Atwood</b>	Essay-Writing on <i>The Handmaid's Tale</i> (Turnitin on Moodle)	10%	
<b>Country / City</b>	Presentation on a chosen city / country / famous individual (Group Work / Peer Evaluation 40%)	15%	
<b>W. Shakespeare</b>	3 Assignments/Tests on <i>Macbeth</i> (on Moodle)	15%	
<b>Oral</b>	Oral Exam on short stories, novel and play (last week of term)	15%	
	<b>Total:</b>	<b>100%</b>	


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>ENSK3MB05</b> <b>Námsáætlun – Haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		


**Annað:**

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um í mætingareglum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð). Verði nemandi uppvis að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga er áskilinn.

16. ágúst 2019

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils